

losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins. **202**

19. nóv.

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Frama, án undirskriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðarbréfi. Hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gilda, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðarstjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

12. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 13. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Frama, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Frami á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn meðlimur í Bifreiðastjórafélaginu Frama.

13. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 12. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Frama. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framan-sögðu.

14. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa þá afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og bifreiðar-eiganda.

15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða itrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupþúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 13 9. febr. 1956, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa, og reglugerð nr. 54 18. apríl 1959, um breytingu á þeirri reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.